


## Nefndar- og greiningarsvið Alþingis

Umsögn vegna Frumvarps til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994 (gæludýrahald).

### Umsögn Félags Íslenskra Ofnæmis- og Ónæmislækna (FÍOÓL).

Ofnæmissjúkdómar hafa farið vaxandi á undanförunum áratugum víða um heim. Á Íslandi eru um 6 % fullorðinna og um 9% skólabarna með astma. Um fjórðungur fullorðinna og barna eru með ofnæmi, þeas, næmingu gegn loftbornum ofnæmisvaka. Algengast er ofnæmi fyrir grasi en einnig ofnæmi fyrir köttum og hundum. Margir þeirra eru einnig með astma og fá asthmaeinkenni ef þeir eru útsettir fyrir því sem þeir hafa ofnæmi gegn. Þau einkenni (andþyngsli, hósti, surg fyrir brjósti og mæði) geta verið alvarleg ef ofnæmisvakinn er í einhverju magni eða þrálát og jafnvel dagleg einkenni þó magnið af ofnæmisvaknum sé minna er útsetningin er ítrekuð/viðvarandi. Einkenni frá augum eða nefi (ofnæmiskvef) eru einnig algeng og geta skert lífsgæði verulega. Dýr gefa frá sér ofnæmisvaka sem oftast eru smágerð prótein sem sitja á húðflögum, í hári, í munnvatni, þvagi og öðrum vessum frá dýrunum og eru oftast ekki sýnileg berum augum. Ofnæmisvakarnir safnast fyrir í húsgögnum, fötum og á gólfi og geta þannig borist á milli staða t.d. frá einni íbúð yfir á stigagang og þaðan yfir í aðra íbúð. Enn auknar líkur eru á þessu ef dýrin sjálf fara um stigaganginn. Einstaklingar með ofnæmi eru mismunandi næmir fyrir ofnæmisvökum og því geta sumir fengið meiri einkenni en aðrir við lítið magn af ofnæmisvaka. Fólk með ofnæmi gegn dýrum hefur mikinn heilsufarslegan ávinning af því að verða ekki útsett fyrir ofnæmisvökum frá dýrum í híbýlum sínum eða við að ganga um híbýli sín.

Félag íslenskra ofnæmis- og ónæmislækna leggst algjörlega gegn þessu frumvarpi sem skerðir verulega sjálfsögd réttindi fólks með astma og ofnæmi fyrir dýrum um að vera að óþörfu útsett á eigin heimili fyrir þeim ofnæmisvaka sem veldur þeim heilsutjóni.



Sólrun Melkorka Mæggadóttir, formaður FÍOÓL

Reykjavík, 5.4.2023